

## Veðursarsbreytingin.

14.12.1930

Ágiskun E. J., í fróðlegri grein hér í blaðinu, um að rjúpan, sem fækkaði svo undarlega hafi flúið snjóleysið hér veturninn 1928—29, og flutt sig til Grænlands, er í fullu samræmi við breytingar þær, sem á síðustu árum eru að verða á jurtar- og dýralifi hér norður frá. — Suðrænni líftegundir eru að flytja sig norður eftir, en norðurtegundunum þykir hér fara að verða of hlýtt, og hörfa undan norður á bóginn, eða deyja hér burt. Þar sem ég hefi séð til, varð t. d. mikill hvannandaði veturninn 1928—29, og er ekki óliklegt að stafi af því, að rætur bessarar norðurjurtar þoli ekki svo frostlitian veturnarlastarfsemin er þá svo mikil og ræturnar fúna.

Illur afturkippur hefir nú komið í þessar veðurfars-umbætur, og virðist mér býsna oftirtektarvert, að á bessu mikla hátiðarári hinnar íslensku þjóðar, skuli vera sú slvsattíð og ótíð, sem nú hefjr verið. En í fullu samræmi er betta við bað sem eg hefji ritat. Sannindum þeim sem mundu verða

til að giörbreyta til batnaðar öllum högum, ef meun vildu fára sér bau i nyt, hefir verið svo litill gaumur gefinn. Og á síalfri Albínshátiðinni var þeirra guða að engu ætið, sem segja má að staðið hafi fyrir landnáminu og stofnun hins íslenska ríkis, guðanna sem Þorsteinn Erlingsson kvað um:

Og þeir leiddu drekana  
heila um haf  
með hersanna göfugu lýði.

En eins og minst hefir verið á í Ennýal, þá virðist bað ekki miða til góðærис og veðursældar á Norðurlöndum, að meta litils hina norrænu guði. Ekki má skilja þetta svo sem eg ætli að fara að hvetja menn til að taka upp aftur Ásatrú. En í þá átt verður þó að leita sannleikans. Og til fulls mun hin íslenska þjóð ekki þrifast, fyrri en samband er fengið við slikear æðri verur, sem forfeður vorir nefndu Æsi, en höfðu vitanlega aðeins mjög ófullkomnar hugmyndir um.

Atha. Í greininni Starfs-hæfi og hvíld, hafði misprentast: árvekni og svefn f. árvekni og snerpu; sofinn fyrir útsofinn, og vansvefna f. van-svefta.

7. des. 1930.

Helgi Pjeturs.